



Máfnr.

2003050004

HAFNARFJARDARBÆR



www.hafnarfjordur.is

18.03.2003
Tilvis. nr. 512.6.5

Deiliskipulag í Hvaleyrarhrauni
Breyting á skipulagsskilmálum fyrir deiliskipulagsreit 6.5

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 25.02.03 s.l. var samþykkt breyting á skipulagsskilmálum deiliskipulags í Hvaleyrarhrauni á eftirfarandi grein. Breytingin var staðfest í bæjarstjórn þann 4.03.2003:

Kafli 2.0.8 SÉRÁKVÆÐI FYRIR HAMRABYGGÐ
mgr. 4

Áferð steinsteypta flata skal vera sjónsteypa, eftir standandi borðauppslátt, óhefluð 4 - 6 tommu borð. Sjónsteypa skal vera ómáluð og halda einkennum óvarins steinsteypuflatar að öðru leyti en því sem yfirborðsmeðhöndlun með glæru vatnsfælniefni gefur. Þak bílgeymslu skal vera flatt í samræmi við skýringarmyndir.

BREYTINGIN ER EFTIRFARANDI:

Kafli 2.0.8 SÉRÁKVÆÐI FYRIR HAMRABYGGÐ
mgr. 4

Áferð steinsteypta flata skal vera sjónsteypa, eftir standandi borðauppslátt, óhefluð 4 - 6 tommu borð. Sjónsteypa skal vera ómáluð og halda einkennum óvarins steinsteypuflatar að öðru leyti en því sem yfirborðsmeðhöndlun með glæru vatnsfælniefni gefur.

**breyting
þyrjar** Heimilt er að breyta yfirborði /ytra byrði bílskúra, þó á þann hátt að það sé í samræmi við yfirborð/ytra byrði húss. Þak bílgeymslu skal vera flatt í samræmi við skýringarmynd.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar kunnu að verða fyrir við breytinguna.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Geirsson,
bæjarstjóri Hafnarfjarðar